

25. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn þann 29.01. 2008, kl 20:30 í Lundarskóla.

Fundurinn var boðaður með fulltrúum Lundarskóla og foreldrafélags Lundarskóla.

Mættir voru: Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson og Sædís Gunnarsdóttir, (fulltrúi foreldrafélagsins boðaði forföll).

Meginverkefni þessa fundar er undirbúningur umhverfis dags og hverfishátíðar þann 17. maí n.k. sem verður í sömu viku og hreinsunaráttak Akureyrarbæjar. Þetta verður sameiginlegt verkefni hverfisnefndar, Lundarskóla, foreldrafélags Lundarskóla, framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar og vonandi leikskóla hverfisins.

Ákveðið var að hafa sömu yfirskrift á deginum og í fyrra: “Tökum til hendinni í grenndinni” og hvetja íbúa til að fara út á almenn svæði í hverfinu að morgni dags og týna rusl. Safnast síðan saman til hátíðar við Lundarskóla þar sem verða leikir og skemmtidagskrá og boðið upp á veitingar.

Rætt var um að hafa hátíðina með svipuðu sniði og í fyrra en þó komu fram hugmyndir um að tengja hana enn meira skólastarfi Lundarskóla t.d. að bjóða upp á sýningu á verkum nemenda. Einnig var rætt um möguleika á að nota skólahúsið meira ef veður bregst og færa dagskráratriði inn.

Fram kom að framkvæmdadeild Akureyrarbæjar er tilbúin að koma að þessum degi með sama hætti og í fyrra.

Ákveðið var að grilla en skoða líka möguleika á vöflubakstri og kaffi.

Stungið var upp á Sigfúsi Karlssyni sem hátíðarstjórnanda og tók Sædís að sér að ræða við hann um það.

Bryndís tók að sér að ræða betur við foreldrafélög leikskólanna varðandi þáttöku og Ingibjörg tók að sér að gera drög að dagskrá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:30.

Ritari Ingibjörg Baldursdóttir.